

Ed. 482. Frumvarp til laga [194. mál]
um breytingu á lögum nr. 47 30. maí 1979, um aðstoð við þroskahefta.

Frá félagsmálanefnd.

1. gr.

Aftan við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Einnig skal veita úr sjóðnum styrki til framkvæmda við heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila, svo og vistheimili.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum í dag eiga heimili sjálfseignarstofnana og vistheimili fyrir vangefna ekki rétt til fjárveitinga úr Framkvæmdasjóði þroskaheftra.

Þetta gerðist við samruna tveggja lagabálka um þessi mál á þingi í fyrra, þar sem að þessu misræmi var ekki gætt, þó félagsmálanefnd eða Alþingi hafi aldrei ætlað sér að svipta þessa sjálfsögðu aðila möguleikum í þessu efni. Þá var einnig hugsanlegt, að hvað vistheimilin snerti yrði Styrktarsjóður vangefina starfræktur samhliða Framkvæmdasjóðnum. Við afgreiðslu fjárlaga lagði formaður fjárveitinga- nefndar áherslu á fulla einingu nefndarinnar um það, að þessi verkefni öll yrðu á vegum Framkvæmdasjóðsins. Sú varð og raunveruleg afgreiðsla Alþingis.

Stjórnarnefnd þroskaheftra mun á næstunni úthluta og skipta fé Framkvæmdasjóðsins. Lagabreyting verður til að koma svo þessi mikilvægu verkefni liggja ekki algerlega úti við skiptingu þessa fjármagns. Allir eru hins vegar á því, að þessi verkefni séu meðal þeirra forgangsverkefna, sem veita þarf fjármagn til.

Því er frumvarp þetta flutt.